

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 23.3.2020
Tilvísun: 202003-0013/42-0 Umsagnir almennt
TB
tb

Efni: Framleiðsla vtnis og metans við Hellisheiðarvirkjun, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 9. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun fyrir framleiðslu vtnis og metans við Hellisheiðarvirkjun.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina. Matsáætlunin kemur að mati stofnunarinnar inn á flest það sem þarf að taka fyrir í frummatsskýrslu miðað við eðli framkvæmdarinnar. Náttúrufræðistofnun tekur undir að ekki sé þörf á að taka fyrir ákveðna náttúrufarsþætti ítarlega s.s. jarðfræði og fuglalíf en telur engu að síður það eigi að gera grein fyrir þessum þáttum frummatsskýrslu að því marki sem þess gerist þörf. Matsáætlun vinsar vissulega ákveðna þætti úr en er ekki sjálft matið. Umfang umfjöllunar verður þá í samræmi við vinsun í matsáætlun. Einnig vill stofnunin benda á að það er villandi að tala um endurnýjanlegt metangas fyrir „Synthetic Green Gas“. Náttúrufræðistofnun tekur undir umsögn og ábendingar Orkuveitu Reykjavíkur um m.a vatnsvernd, koltvísýringslosun og öryggismál og koma fram í umsögn OR frá 12. desember 2019.

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar eðli, umfangi og náttúrufari á framkvæmdasvæði framangreindrar framleiðslu gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

